

## VANGAVELTUR UM MÁLFAR 01

FS 08.10.1999.

### MARKMIÐ OG TILGANGUR

**Mark-mið** er samsett orð. **Mið** er eitthvað, sem stefna er sett á, hvort sem miðið er sjálft lokatakmark farar í setta stefnu, eða aðeins leiðbeinandi um stefnuna. **Mark** er eitthvað, sem er merkt eða markað til að auðkenna það. **Markmið er þannig auðkennt stefnumið og tiltekinn staður eða staða.** Oftast er þar um að ræða lokatakmark eða áfangatakmark, og mun svo jafnan vera í þeirri myndrænu merkingu, sem orðið *markmið* oft hefur núorðið, og í því sambandi, sem það er oftast sett í sem slíkt, það er "markmið aðgerðarinnar er..." Markmiðið er þá staða, sem stefnt er að.

**Tilgangur** er líka samsett orð. **Til** er liður (atviksorð), sem táknar að farið sé á einhvern stað eða að honum. **Gangur** merkir beinlínis þá gjörð eða aðgerð "að ganga", en óbeint hreyfingu eða breytingu á stöðu einhvers. Má þar nefna dæmi: Aðgangur, atgangur, framgangur, frágangur, ágangur, afgangur o.s.frv. **Tilgangur merkir því hreyfingu til nýs staðar eða breytingu til nýrrar stöðu.** Þetta á líka við um notkun í óbeinni merkingu.

Tilgangur er því annar en markmið, en hvort tveggja er hinu rökrænt tengt. Dæmi: "Tilgangur uppreisnarinnar var (það markmið) að ná völdum". Uppreisnin, sem aðgerð, hefur tilgang, þar sem stefnt er að markmiði hennar, en ekki er sagt, hvort markmiðið - völdin - hafi tilgang. Hins vegar eru völdin markmiðið en uppreisnin er ekki markmið sem slík. Það getur auðvitað verið markmið - áfangatakmark - að ná völdunum, það er að segja augnablikið sjálft, þegar völdunum er náð. Völdin sjálf eru þó lokatakmarkið og því hið eiginlega markmið, að því sinni. Þegar markmiðinu - nýju stöðunni - er náð, er uppreisnin - aðgerðin - orðin tilgangslaus.

**Tilgangurinn er leiðin að markmiðinu, aðgerð til að ná nýrri stöðu.** Tilgangur rannsókna er t.d. að afla upplýsinga um tiltekið efni, en markmið sömu rannsókna er að öðru jöfnu niðurstöður til einhverra nota, eða jafnvel afrakstur þessara nota. Dæmi: Tilgangur jarðfræðirannsókna á Fljótshnúk er að kanna jarðlagaskipan og meta hæfni jarðlaga til jarðgangagerðar. Markmið rannsókna er hentugasta jarðgangaleið í gegnum Fljótshnúk, á jarðfræðilegum forsendum. Tilgangurinn lýtur að aðgerðinni eða leiðinni að markmiðinu, en markmiðið er lokatakmarkið, sem tilgangurinn stefnir að. Fleiri en ein leið geta komið til greina að sama marki, en ekki leiða allar leiðir að settu marki, þó að tilgangur þeirra sé að komast þangað. Tilgangurinn getur því brugðist og markmiðið ekki náðst, þó að það sé sjálft óbreytt og áfram í fullu gildi. Aðgerðin hefur þá ekki náð tilgangi sínum, þó að það hafi engin áhrif á markmiðið sem slíkt. Þess vegna er **markmiðið ávallt frumlægt ("prímert") og lýtur að tiltekinni stöðu en tilgangur valinna aðgerða er annlægur ("sekúnder") og háður markmiðinu.**

Um fjöllum um eitthvert mál getur verið loðin, orðalag í henni ónákvæmt og framsetning hennar órökræn. Það getur haft þann tilgang að blekkja viðtakanda umfjöllunarinnar eða að villa um fyrir honum. Markmiðið er þá rangur skilningur viðtakanda á efni umfjöllunarinnar. Þetta þykir ekki siðsamur tilgangur. Réttur skilningur viðtakanda á efni umfjöllunarinnar er - eða ætti að vera - markmiðið. Þá er tilgangur umfjöllunarinnar sá, að stuðla að réttum skilningi. Til þess þarf umfjöllunin að vera skýr, orðalag nákvæmt (orð skilgreind, ef við á) og framsetning rökræn. Þá verður eitt að fylgja af öðru á rökrænan hátt, munur verður að vera gerður á markmiði og tilgangi (sem skilgreindum hugtökum) og markmið að koma á undan tilgangi í umfjölluninni. Á þessu er oft mikill misbrestur, jafnvel hjá greindarmönnum, og úr því þarf að bæta. Þeim tilgangi þjónar þessi vangavelta og markmiðið með henni er rökræn framsetning.